

Fljótsdalshérað

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - fax 4 700 701 - www.fljotsdalsherad.is



hvergi annars staðar

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

*Alþingi
Erindi nr. P 141/1252
komudagur 16.1.2012*

Fljótsdalshéraði, 10. janúar 2013
nr. erindis 201212024 ÓPB

Á 86. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Fljótsdalshéraðs 12. desember 2012 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.


Frumvarp til laga um gatnagerðargjald (framlenging gjaldtökuheimildar)/til umsagnar

Erindi í tölvupósti dags. 7. desember 2012 þar sem Sigrún Helga Sigurjónsdóttir óskar eftir umsögn um frumvarp til laga um gatnagerðargjöld (framlenging gjaldtökuheimildar), 290. mál.

Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Bókun þessi var staðfest af bæjarráði Fljótsdalshéraðs, þann 09.01.2013.
Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulags- og mannvirkjanefndar


Ómar Þróstur Björgólfsson



Innanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
Sendandi: **Innanríkisráðuneytið**
Dagsetning: **20.11.2012**
Málsnúmer: **IRR12090200**
Bréfalykill: **18.10.8**

Efni: **Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald**

Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 14. nóvember 2012, þar sem fulltrúi innanríkisráðuneytisins varð fyrir svörum um frumvarp til laga um breyting á lögum um gatnagerðargjald, var óskað eftir minnisblaði ráðuneytisins um hvernig talan 214 m.kr. í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins sé fundin.

Í frumvarpi þessu er lagt til að í stað dagsetningarinnar 31. desember 2012 í ákvæði til bráðabirgða við lögin komi dagsetningin 31. desember 2015. Í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir að samkvæmt kostnaðarmati innanríkisráðuneytisins sé gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem geti nýtt sér umrædda heimild og innheimt til áramóta yfirstandandi árs samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verði af tæplega 214 m.kr. tekjum komi ekki til framangreindrar lagabreytingar.

Kostnaðarmat innanríkisráðuneytis er gert samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, en þar segir m.a. að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Þegar mat á fjárhagslegum áhrifum tillögu að laga frumvarpi liggur fyrir skuli það þá þegar lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar. Eins og fram kemur í frumvarpi þessu kom tillaga þessi að lagafrumvarpi sem hér er til meðferðar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Var fjárhagsleg staða nefndra sveitarfélaga unnin þar og var mat ráðuneytisins samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga unnið á þeim grundvelli. Er það ástæða þess að meðfylgjandi gögn koma þaðan.

Sveitarfélögin eiga eftir að leggja slitlag á götur fyrir um 822 m.kr., þar sem ekki er slitlag fyrir og möguleiki fyrir þau að innheimta gatnagerðargjöld upp í framkvæmdakostnað. Heimildin til álagningarinnar rennur út um næstkomandi áramót. Ef þessi breyting á lögnum verður ekki samþykkt, þá verða þessar framkvæmdir 214 m.kr. dýrari fyrir sveitarfélögin, en ella yrði, færu þau í umræddar framkvæmdir. Í meðfylgjandi gögnum sem Samband íslenskra sveitarfélaga aflaði hjá sveitarfélögum er að finna yfirlit yfir umrædd sveitarfélög.

14.12.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd

290. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

1102. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Með kveðju,

Stefán Ómar Jónsson
framkvæmdastjóri stjórnslusviðs/ bæjarritari
Mosfellsbær
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
s: 525 6700 fax:525 6729

www.mos.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://mos.is/trunadur>



Alþingi
Erindi nr. P 141/945
komudagur 10.12.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2012

1202055SA GB
Málalykill: 203

Efni: Umsögn um frv. til laga um gatnagerðargjald, 290. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. desember 2012, þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.


Innanríkisráðherra leggur frumvarpið fram á Alþingi að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tílefni þess er að enn er nokkuð um ómalbikaðar götur á þéttbýlisstöðum og er sú heimild sem veitt er í bráðabirgðaákvæði við lög um gatnagerðargjald mikilvæg forsenda þess að hægt verði að ljúka þessum framkvæmdum. Sú þriggja ára framlenging sem lögð er til í frumvarpinu ætti að nægja allmörgum sveitarfélögum til að ljúka þessu verkefni. Er það álit sambandsins að ekki sé raunhæft að ljúka framkvæmdum á skemmri tíma en þremur árum.

Eins og fram kemur í fylgiskjali við frumvarpið er gert ráð fyrir að tekjumissir sveitarfélaga sem málið varðar geti orðið um 214 milljónir króna ef frumvarpið nær ekki fram að ganga.

Vert er að benda á að fyrsta umræða um frumvarpið fór fram um málið 25. október sl. og hefði verið tílefni til þess að senda það fyrir til umsagnar, eins og raunar virðist hafa verið ætlun nefndarinnar á fundi 7. nóvember 2012 þar sem málið var tekið fyrir. Þrátt fyrir þennan annmarka á málsmeðferð styður sambandið eindregið að frumvarpið verði að lögum fyrir lok þessa árs.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 141/1125
komudagur 18.12.2012

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar, 13. Desember sl. var tekið fyrir mál til umsagnar - frumvarp til laga um gatnagerðargjald (framlenging gjaldtökuheimildar), 290. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Enn og aftur er staðan sú að tímafrestur, sem Alþingi veitir til að gefa umsögn um frumvarp, sem varðar fjárhagsmál sveitarfélaga, gerir það að verkum að sveitarfélaginu er í reynd ekki gert kleift að veita umsögn, enda rennur fresturinn út á morgun.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 141/1134
komudagur 19.12.2012



Vestmannaeyjabær

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 14. desember 2012
erindi nr. 201212039 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Til umsagnar 290. og 291. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Á 2944. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 13.12.2012, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk jöfnunarsjóðs) og frumvarp til laga um gatnagerðargjöld (framlenging á gjaldtökuheimildar) Óskað er eftir því að umsagnir berist eigi síðar en 14. desember n.k.

Bæjarráð gerir alvarlegar athugasemdir við þann skamma tíma sem Umhverfis- og samgöngunefnd gefur sveitarfélaginu til að veita umsögn um þessi mikilvægu mál en frestur til að skila inn umsögnum rennur út á morgun 14. desember. Umsagnir um mál sem þessi kalla á mikla og vandaða vinnu enda um að ræða mikilvægan tekjustofn íslenskra sveitarfélaga. Af þessum sökum getur bæjarráð ekki veitt umbeðna umsögn. Bæjarráð væntir þess að í framtíðinni muni þingnefndir alþingis vanda það til starfa sinna að sveitarfélaginu verði gefinn kostur á að rækja hlutverk sitt sem umsagnaraðili í samræmi við rannsóknarreglu stjórnslulaga þar sem skýrt er kveðið á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin í því.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,


Fjola Margrét Róbergsdóttir
Þjónustufulltrúi



RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNÆYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159